

# Örnefnaskráning

Leiðbeiningar

# Örnefnaritill



# Innskráning

- Þegar farið er inn í örnefnaskráninguna þarf að skrá sig inn

## Innskráning


Notendanafn

Lykilorð

Innskrá

## Stjórnborð og leit

- Hægt er að þysja inn og út með skruntakka á mús
- *E* sýnir okkur úthlutað skráningarsvæði



Til að hliðra mynd er smellt á mús og takka haldið inni á meðan mynd er hreyfð til. Það má líka nota örvartakkana á lyklaborðinu.

# Lög

- Hægt er að velja hvaða grunngögn birtast á kortinu
- Einnig er hægt að bæta við ýmsum stuðningsgögnum

Grunnkort	
Mælingar	
Mannvirki	
Örnefni	Flákar
Samgöngur	Línur
Stjórnsýsla	Punktur
Vatnafar	
<b>Lög</b>	<b>Valin Lög</b>

Mannvirki eru sér lag í IS 50V og því á ekki að skrá nöfn jarða/bygginga í örnefnagrunninn og gott að hafa alltaf kveikt á þeim.

Í *valin lög* er hægt að breyta röð á lögum þar sem stendur uplogo og downlo

Til að afvelja lag er smellt á það í *valin lög*

## Skrá örnefni

- Hér eru örnefnin skráð í örnefnagrunn Landmælinga Íslands
- Veljum hvort teikna á punkt, línu eða fláka og teikum síðan
- Eftir að fyrirbæri er teiknað birtist skráningarspjald

Punktur

Lína

Fláki

Breyta

Á Svæðinu

### *Breyta*

Til að breyta punkti þarf að smella á punktinn til að velja hann og halda svo músarhnappi inni til að draga hann til.

Til að breyta línu og fláka þarf að smella á þá til að velja og svo er nóg að fara með músina yfir þar sem maður vill breyta eða fá nýjan vertex og halda inni vinstri músartakkanum og draga til.

### *Á svæðinu*

Þegar við smellum hér eru okkur sýnd þau örnefni sem eru sýnileg á skjánum. Þetta gagnast ef við viljum breyta fyrirbærum sem eru undir stórum fláka. Þá smellum við á örnefnið sem við ætlum að breyta og komumst undir.

Til að hætta að teikna þarf að tvísmella.

Skrá örnefni frh.


- Gott að vita

Til að klára teikningu þarf að tvísmella.

Til að hætta við teikningu eftir að byrjað er að teikna er ýtt á Esc (línur og flákar)

Backspace eyðir síðasta teiknaða vertex (línur og flákar)

Til að hliðra mynd er smeltt á mús og takka haldið inni á meðan mynd er hreyfð til.





## Skrá örnefni

- Þegar örnefni er skráð inn er mikilvægt að afmarka svæðið sem örnefnið nær yfir gróflega
- Við gerum fláka utan um fjall, línu með á og punkt í foss
- Best er að hafa sem flest örnefni afmörkuð með flákum

Flákar gefa nákvæmari birtingu örnefna t.d. í staðsetningartækjum þar sem örnefnið teygja sig eftir flákanum.





# Skráningarspjald

- Þegar fyrirbæri hefur verið teiknað er mikilvægt að fylla inn í eigindatöflu
- Það sem alltaf á að fylla út:
  - **Nafn fitju, nafnberi og heimild**



**Nafn fitju:** örnefnið

**Tvínefni:** hér er skráð ef fyrirbærið hefur tvö eða fleiri nöfn (smelltt á bæta við)

**Nafnberi:** tegund fyrirbæris, þ.e. Fjall, lækur, tjörn o.s.frv.

**Heimildir:** úthlutað heimildanúmer, örnefnalýsing jarðar, bókatitill, nafn heimildamanns

**Örnefnalýsing:** texti úr örnefnalýsingu eða lýsing heimildarmanns

**Athugasemd:** athugasemdir til LMÍ eða annað (birtist ekki í útgáfu)

**Tilvist:** Er breytt í „Er ekki til“ ef fyrirbærið er horfið eða farið undir byggð

Ef smellt er á takkann **Eyða** kemur upp gluggi þar sem gefa þarf skýringu.

# Nafnberar

- Nafnberar segja okkur hvað fyrirbærið sem skráð er stendur fyrir
- Með því að skrá nafnbera eftir bestu vitund er auðveldlega hægt að gera fyrirspurn inn í gagnagrunninn um hversu algengir vissir nafnberar eru

## 1. Samfélag

- 1.1 Dreifbýlissvæði og óbyggðir

## 2. Manngerð svæði

- 2.1 Mannvirkjaleifar
- 2.2 Samgöngur

## 3. Yfirborðsvatn

- 3.1 Jöklar og fannir
- 3.2 Straumvatn
- 3.3 Stöðuvötn
- 3.4 Manngert vatnafar

## 4. Haf

- 4.1 Sjór

## 5. Landmótun og gróður

- 5.1 Fjalllendi
- 5.2 Jarðmyndanir
- 5.3 Gróður
- 5.4 Auðnir
- 5.5 Votlendi
- 5.6 Landmyndanir vötn
- 5.7 Landmyndanir sjór

# Nafnberar

## 1 Samfélag

### 1.1 Dreifbýlissvæði og óbyggðir

- 1.1.1 afréttur
- 1.1.2 byggðarkjarni
- 1.1.3 sveit
- 1.1.4 þjóðlenda
- 1.1.5 sumarbústaðahverfi
- 1.1.6 veiðistaður

## 2 Manngerð svæði

### 2.1 Mannvirkjaleifar

- 2.1.1 dys
- 2.1.2 grafreitir
- 2.1.3 kirkjugarður
- 2.1.4 minnismarki
- 2.1.5 garður
- 2.1.6 gerði
- 2.1.7 grjótbyrgi
- 2.1.8 kviar
- 2.1.9 mannvirkjaleifar - bryggja
- 2.1.10 mannvirkjaleifar - hús
- 2.1.11 mógröf
- 2.1.12 naust
- 2.1.13 rétt
- 2.1.14 sel
- 2.1.15 stekkur
- 2.1.16 varða
- 2.1.17 mannvirkjaleifar - annað
- 2.1.18 mannvirkjaleifar - brú
- 2.1.19 eyðibýli

### 2.2 Samgöngur

- 2.2.1 ferjustaður
- 2.2.2 gönguslóði
- 2.2.3 slóði
- 2.2.4 vegur
- 2.2.5 hlið
- 2.2.6 torg

- 2.2.7 brú
- 2.2.8 höfn

## 3 Yfirborðsvatn

### 3.1 Jöklar og fannir

- 3.1.1 fönn
- 3.1.2 jökull

### 3.2 Straumvatn

- 3.2.1 á
- 3.2.2 árfarvegur
- 3.2.3 áros
- 3.2.4 bugða
- 3.2.5 drög
- 3.2.6 fljót
- 3.2.7 hylur
- 3.2.8 kill
- 3.2.9 kvísl
- 3.2.10 lygna
- 3.2.11 lækur
- 3.2.12 læna
- 3.2.14 síki
- 3.2.15 strengur
- 3.2.16 svelgur
- 3.2.17 flúðir
- 3.2.18 foss
- 3.2.19 vað

### 3.3 Stöðuvatn

- 3.3.1 hver
- 3.3.2 hverasvæði
- 3.3.3 laug
- 3.3.4 lind
- 3.3.5 pyttur
- 3.3.6 volgra
- 3.3.7 lón
- 3.3.8 pollur
- 3.3.9 stöðuvatn
- 3.3.10 tjarnasvæði

- 3.3.11 tjörn
- 3.3.12 uppistöðulón
- 3.3.13 vatnasvæði
- 3.3.14 vatnsból
- 3.3.15 flói
- 3.3.16 vík
- 3.3.17 vogur
- 3.3.18 stokkur

## 3.4 Mangert vatnafar

- 3.4.1 skurður
- 3.4.2 vatnsbrunnur

## 4 Haf

### 4.1 Sjór

- 4.1.1 áll
- 4.1.2 renna
- 4.1.3 sund
- 4.1.4 djúp
- 4.1.5 haf
- 4.1.6 boði
- 4.1.7 grynningar
- 4.1.8 landgrunn
- 4.1.9 fjörður
- 4.1.10 flói
- 4.1.11 pollur
- 4.1.12 vík
- 4.1.13 vogur
- 4.1.14 fiskimið
- 4.1.15 sjávarlón
- 4.1.16 eyja
- 4.1.17 eyjaklasi
- 4.1.18 hólmi
- 4.1.19 sker
- 4.1.20 skerjaklasi
- 4.1.21 mið

## 5 Landmótun og gróður

### 5.1 Fjallendi

- 5.1.1 hnjúkur
- 5.1.2 tindur
- 5.1.3 fjallgarður
- 5.1.4 heiði
- 5.1.5 fell
- 5.1.6 fjall
- 5.1.7 hyrna
- 5.1.8 bjarg
- 5.1.9 drangur
- 5.1.10 egg
- 5.1.11 hamar
- 5.1.12 hjalli
- 5.1.13 klettabelti
- 5.1.14 klettur
- 5.1.15 klif
- 5.1.16 klöpp
- 5.1.17 steinbogi
- 5.1.18 steinn
- 5.1.19 bakki
- 5.1.20 brekka
- 5.1.21 brún
- 5.1.22 hlið
- 5.1.23 kinn
- 5.1.24 stallur
- 5.1.25 stapi
- 5.1.26 sylla
- 5.1.27 öxl
- 5.1.28 alda
- 5.1.29 ás
- 5.1.30 barð
- 5.1.31 bunga
- 5.1.32 holt
- 5.1.33 hól
- 5.1.34 hæð
- 5.1.35 kambur
- 5.1.36 leiti
- 5.1.37 rími
- 5.1.38 háls

# Nafnberar

5.1.39 hryggur  
5.1.40 múli  
5.1.41 rani  
5.1.42 tunga  
5.1.43 botn  
5.1.44 dalsmynni  
5.1.45 dalur  
5.1.46 drag  
5.1.47 gil  
5.1.48 gjá  
5.1.49 gljúfur  
5.1.50 kleif  
5.1.51 skarð  
5.1.52 skál  
5.1.53 skora  
5.1.54 skorningur  
5.1.55 vik

## 5.2 Jarðmyndanir

5.2.1 eldstöð  
5.2.2 gígaröð  
5.2.3 gígur  
5.2.4 hraun  
5.2.5 hraunborg  
5.2.6 ketill  
5.2.7 misgengi

## 5.3 Gróður

5.3.1 bali  
5.3.2 bás  
5.3.3 bolli  
5.3.4 dæld  
5.3.5 engi  
5.3.6 engjastykki  
5.3.7 flesja  
5.3.8 geiri  
5.3.9 graslendi  
5.3.10 gróf  
5.3.11 grund  
5.3.12 hagi

5.3.13 hólf  
5.3.14 hvammur  
5.3.15 hvilft  
5.3.16 krókur  
5.3.17 kvos  
5.3.18 laut  
5.3.19 lág  
5.3.20 lægð  
5.3.21 mói  
5.3.22 ræma  
5.3.23 slakki  
5.3.24 slétta  
5.3.25 spilda  
5.3.26 stykki  
5.3.27 teigur  
5.3.28 torfa  
5.3.29 tún  
5.3.30 völlum  
5.3.31 kjarr  
5.3.32 lundur  
5.3.33 rjóður  
5.3.34 skógrækt  
5.3.35 skógur

## 5.4 Auðnir

5.4.1 flag  
5.4.2 jarðfall  
5.4.3 melur  
5.4.4 rofabarð  
5.4.5 sandur  
5.4.6 skriða  
5.4.7 urð  
5.4.8 gjóta  
5.4.9 greni  
5.4.10 hellir  
5.4.11 skúti

## 5.5 Votlendi

5.5.1 drag  
5.5.2 dý

5.5.3 fit  
5.5.4 flói  
5.5.5 kelda  
5.5.6 mýri  
5.5.7 votlendi

## 5.6 Landmyndanir vötn

5.6.1 eyri  
5.6.2 eyja  
5.6.3 eyjaklasi  
5.6.4 hólmi  
5.6.5 höfði  
5.6.6 nes  
5.6.7 oddi  
5.6.8 rif  
5.6.9 sandtangi  
5.6.10 strönd

## 5.7 Landmyndanir sjór

5.7.1 eiði  
5.7.2 eyri  
5.7.3 höfði  
5.7.4 nes  
5.7.5 oddi  
5.7.6 rif  
5.7.7 skagi  
5.7.8 tangi  
5.7.9 fjara  
5.7.10 forvaði  
5.7.11 hlein  
5.7.12 leira  
5.7.13 lending  
5.7.14 strönd  
5.7.15 vaðall

# Eigindataflan

- Ef eigindataflan er opnuð má sjá nöfnin sem sjást hverju sinni á skjánum.
- Hægt er að lesa yfir, lagfæra bil eða innsláttarvillur og athuga hvort heimild hafi alltaf verið rétt skráð.



Neðst á skjánum er eigindataflan. Til að taflan opnast er smeltt á punkt, línu eða fláka, eftir því hvað á að skoða.

Þegar taflan er opin er hægt að smella á örnefni. Þá opnast skráningarspjaldið og hægt er að gera breytingar.

nafn flú	námsnúmer	námsnúmer	námsnúmer	skilgreining	ástand
Hrauskar2	14	2.1.1 dýs	V201306033	bara eitthvað best	Eir III
Þróta2	15	5.1.19 bakki	Þróta2		Eir III
Áka	16	3.4.1 skurður	Kort LMÍ		Eir III
Tjágöng	20	2.2.2 göngustöð	Kort LMÍ		Eir III
Hákapahngur	22	2.2.2 göngustöð	v2019b		Eir III

**GML Auðkenning:** 59f6a825-3c8b-a364-8b10-1908976d76 **type**

**Nafn Auðkenning:** 20

**Búð til af:** a

**Notandi:** a

**Nafn flú:** Tjágöng

**Nafn ber:** þema: Manngerð svæði  
Undirþema: Samgöngur  
Nafn ber: göngustöð

**Útskýring:**

**Tvefnúmer:** Bara við fjárlaga

**Heimild:** Kort LMÍ

**Örnefnaflýsing:**

**Athugasemdir:**

**Tilvist:** Er til


Það þarf að athelja örnefni áður en hægt er að vísa



## Fyrirspurnir

- Fyrirspurnum sem berast Landmælingum Íslands er svarað eins skjótt og auðið er.
- Þegar upp koma vafaatriði varðandi örnefni er leitað til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Öllum skráningum og breytingum þarf að fylgja heimild.





## Gagnlegt

- Hér fylgja nokkrar gagnlegar vefslóðir

[lmi.is](#)

[ornefnasja.lmi.is](#)

[kortasja.lmi.is](#)

[geo.skra.is/landeignaskra](#)

[malid.is](#)

[sarpur.is](#)

[arnastofnun.is](#)

[stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-](#)

[media/media/frettatengt2016/auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf](#)